

**180. fundur Skóla- og frístundaráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 13. desember 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs, velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráðs til þess að kynna fyrirhugaða byggingu á Samfélagsmiðstöð á Dalbraut 8. Eftirtaldir áheyrafulltrúar voru boðaðir á fundinn: ungmennaráð Akraness, notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi, starfshópur um uppbyggingu á starfsemi Fjöliðjunnar og starfsmenn á velferðar- og mannréttindasviði og stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar Þorpsins.

**Fyrir tekið:**

**1. 2112081 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8**

Skóla- og frístundaráð fagnar hugmyndum um uppbyggingu "Samfélagsmiðstöðvar" á Dalbraut 8. Um er að ræða nýtt húsnæði þar sem starfsemi Fjöliðjunnar, Hver (Starfsendurhæfing Vesturlands) og frístundastarf fyrir börn og ungmenni (Þorpið frístundamiðstöð) mun fara fram og jafnframt önnur viðeigandi starfsemi svo sem frístundastarf fyrir hinn almenna íbúa á Akranesi.

Með Samfélagsmiðstöð nást markmið sem endurspeglar geta margbreytileika samfélagsins, og eykur möguleika íbúa á fjölbreytni í tengslamyndun og samfélagslegri þátttöku.

Skóla- og frístundaráð fagnar jafnframt að gert sé ráð fyrir að ná þessum stóra áfanga með hagkvæmari hætti en áður hafði verið gert ráð fyrir.

Skóla- og frístundaráð samþykkir ofangreind áform um uppbyggingu Samfélagsmiðstöðvar.

Fundargerðin samþykkt rafrænt  
BD RBS SMS VJ DH

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.**